


Fnjóská 1997

Tumi Tómasson

Hólum, maí 1998

VMST-N/98012



**Veiðimálastofnun
Norðurlandsdeild**

Hólum í Hjaltadal
551 Sauðárkrókur
Sími: 453 6599
Fax: 453 6694

Fnjóská 1997

Inngangur

Miklar sveiflur eru í laxveiði í Fnjóská. Þær má að stórum hluta til rekja til sveiflna í árgangastyrkleika seiða. Með því að fylgjast með útbreiðslu og þéttleika seiðaárganga má segja fyrir um gönguseiðaframleiðlu og reyna að hafa áhrif á hana með seiðasleppingum. Í rafveiðunum á undanförunum árum hefur klakárgangurinn frá 1994 verið ríkjandi. Ef að líkum lætur mun veiðin því ná nýjum toppi árin 1999 og 2000, en síðan er líklegt að dragi verulega úr veiði á ný nema þær ræktunaaðgerðir sem gripið verður til skili árangri.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ástandi seiðastofna árinna sumarið 1997, veiðinni það sumar og fjallað um ræktunarstarfið.

Aðferðir

Ástand seiðastofna var kannað með rafveiðum dagana 13.-14. júlí 1997. Alls var rafveitt á 14 stöðum. Þar af voru tveir staðir neðarlega í ánni sem ekki hefur verið veitt á áður. Annar staðurinn var skammt fyrir neðan brú ("Kallklöpp", staður 13) og hinn við vað fyrir neðan túnin á Ártúnum (staður 14). Að öðru leyti var veitt á sömu stöðum og oftast áður. Staðirnir eru merktir inn á kort (Mynd 1). Lúther Gunnlaugsson veiðivörður var með til leiðsagnar í rafveiðunum.

Veiðimenn söfnuðu hreistri af veiddum löxum. Alls fengust hreistursýni af rúmlega helmingi veiðinnar, en það er mjög gott. Með greiningu hreistursýna má fá mikilvægar upplýsingar um aldur og uppruna laxanna, sem er ein af forsendum þess að hægt sé að meta árangur ýmissa ræktunaraðgerða. Að auki skiluðu veiðimenn inn 27 trjónum af veiðiuggaklipptum og örmerktum löxum.

Veiðin 1997

Samkvæmt yfirliti sem fylgdi hreistursýnum veiddust 165 laxar í Fnjóská sumarið 1997 og voru tekin hreistursýni af 93, eða 56%. Af þeim voru 14 af veiðiuggaklipptum smálöxum,

alls bárust 27 trjónur. Hreistursýni bárust því af 52% þeirra laxa sem vitað er til að voru veiðiuggaklipptir, sem er mjög svipað hlutfalli hreistursýna af heildarveiði. Hreistur af þessum 14 löxum er ekki tekið með í yfirlitinu hér að neðan. Þar eru teknar saman niðurstöður greininga 77 sýna en hreistur vantaði í eitt sýnaumslagið og öll hreistur í öðru sýni voru ólæsileg (Tafla 1).

Tafla 1. Aldursgreining hreistursýna af löxum veiddum í Fnjóská sumarið 1997. Þau sýni sem tilgreint var að væru af veiðiuggaklipptum löxum eru ekki tekin með.

Uppruni/fersvatnsaldur	Smálax		Stórlax	
	fjöldi	%	fjöldi	%
Sloppið úr eldi/1 ár	4	7	-	-
Tjarnareldi/1 ár	24	43	4	19
Smáseiðasleppingar/2 ár	3	5	-	-
Náttúruklak/3 ár	2	4	1	5
Náttúruklak/4 ár	20	36	14	67
Náttúruklak/5 ár	3	5	2	9
Samtals	56	100	21	100

Samkvæmt úrvinnslu Veiðimálastofnunar úr veiðibókum veiddust sumarið 1997 í Fnjóská 156 laxar, þar af 123 smálaxar og 33 stórlaxar. Að auki voru skráðar veiddar 409 bleikjur og 53 urriðar. Verður miðað við þessar veiðitölur hér.

Veiðimenn skiluðu inn 27 trjónum af veiðiuggaklipptum löxum, sem allir voru smálaxar. Af 5019 seiðum sem merkt voru haustið 1995 skiluðu sér 21 merki eða 0.4 %. Að auki voru sett í tjörnina um 7000 ómerkt seiði, en þau voru almennt smærri en merktu seiðin. Í mars var bætt við 3010 örmerktum seiðum. Úr þeirri merkingu skiluðu sér 6 merki í veiðinni 1997, eða 0.2 %.

Samkvæmt niðurstöðum greiningu hreistursýna voru 43 % af þeim smálöxum sem trjónunum var ekki skilað af úr tjarnareldinu, eða alls 41 lax. Ómerkt seiði virðast því hafa skilað 0.6 % heimtum. Hafa ber í huga að ómerktu seiðin voru almennt smærri en þau merktu og greininlegt var þegar seiðunum var sleppt úr tjörninni vorið 1996 að þar á meðal var nokkur hópur smærri seiða sem ekki hefðu náð sjóþroska. Líklegra er því að veiðimönnum hafi yfirsést veiðiuggaklipplingin í einhverjum tilfellum og að meðalheimtur hópsins sem merktur var haustið 1995 hafi verið á bilinu 0.7-0.8 % og hópsins sem tekinn var snemma vors 1996 0.3-0.4 %.

Samkvæmt greiningu hreistursýna hafa einungis veiðst um 4 smálaxar sumarið 1997, sem rekja má til sleppingu 15000 smáseiða sumarið 1994. Þetta eru einungis 0.03 % heimtur úr þeirri sleppingu, en líklegt verður þó að teljast að stór hluti hennar hafi ekki náð sjóþroska fyrr en eftir þrjá vetur í ánni, því seiðin voru mjög smá við sleppingu og sumarið

1995 var óvenju kalt. Ekki verður því hægt að leggja endanlegt mat á árangur þeirrar sleppingar fyrr en eftir sumarið 1999.

Enginn örmerktur stórlax kom fram í veiðinni sumarið 1997, heimtur af örmerktum smálöxum voru mjög slakar sumarið 1996. Þó er að sjá að tæp 20 % stórlaxa hafi átt uppruna sinn í tjarnareldi, eða um 8 laxar. Þetta er mun lægra hlutfall en var í smálaxinum 1996 þegar um 80 % voru af eldisuppruna. Nokkuð víst má því telja að stór hluti þeirra hafi sloppið úr laxeldi í Eyjafirði. Aðeins bar á slíkum fiskum í smálaxaveiðinni sumarið 1997, en laxeldi í Eyjafirði hefur dregist mjög saman og mun vera að ljúka, í bili a.m.k.

Að vanda eru flestir laxar af náttúrulegum uppruna með fjögurra ára ferskvatnsaldur í Fnjóská. Lítið hlutfall er með fimm ára ferskvatnsdvöl og enn lægra hlutfall með þrjú ár (Tafla 1). Miðað við niðurstöður aldursgreiningar má alls rekja 43 smálaxa og 27 stórlaxa í veiðinni 1997 til náttúrulegrar framleiðslu árinna, eða um 45 % veiddra laxa. Rúmlega helming laxa má því rekja til ræktunarstarfs. Hversu sáttir menn eru við þann árangur fer eftir því hver tilkostnaður við hann hefur verið og hvaða áhrif menn meta að aukin laxveiði hafi á verðmyndun veiðileyfa.

Það að einungis skuli veiðast 409 bleikjur í Fnjóská er með ólíkindum þegar mið er tekið af útbreiðslu og þéttleika bleikjuseiða í ánni. Urriðaseiði rétt sjást í seiðatalningum, en þó er urriðaveiðin um 11 % af allri silungsveiði í ánni. Svo virðist sem sjávarveiði taki mjög stóran toll af bleikjustofninum ár hvert. Ekki leikur vafi á að aukin stangveiði á bleikju myndi skila mun betri tekjum en sjávarveiði í net. Mikilvægt er að safna góðum upplýsingum um sjávarveiðina, en í dag eru engar tölur til á Veiðimálastofnun, hvorki um ástund né afla.

Ástand seiðastofna

Niðurstöður rafveiðanna eru teknar saman í Töflu 2 og Myndum 2 og 3.

Meðal laxaseiða ber lang mest á árganginum sem klaktist út árið 1994, nú 3+. Hann fannst alveg fram að Steinkirkju, en er sterkastur í neðri hluta árinna, allt frá Þjóðvegstrú og niður í ós. Það kom nokkuð á óvart að finna svo mikið af laxaseiðum á malareyrunum fyrir neðan Laufás, en þar var veitt eftir að við höfðum staðfest greiningu Lúthers Gunnlaugssonar að seiði sem bóndinn í Ártúnum hafði veitt upp úr einöngruðum polli á eyrunum og alið í tjörn við bæinn voru bæði bleikja og lax. Þetta er í fyrsta skipti sem ég finn að laxaseiði hafi orðið innlyksa með þessum hætti, þó svo að það sé nokkuð algengt með bleikju. Jafnframt hef ég hingað til gengið út frá því sem vísu að bleikja væri ríkjandi tegund á eyrarsvæðinu neðst í Fnjóská. Þar fannst að vísu aðeins einn árgangur laxaseiða, en þau voru þó í yfirgnæfandi meirihluta í veiðunum (Tafla 2)

Tafla 2. Fjöldi veiddra laxa- bleikju- og urriðaseiða í rafveiðum í Fnjóská 13.-14. júlí 1997. Til að auðvelda samanburð er miðað við veiði á hverja 100 m² og er seiðunum skipt eftir aldri og uppruna.

Staður (Nr.)	Stærð (m)	Lax						Bleikja			Urriði
		1+	1+ss	2+	2+ss	3+	4+	0+	1+	2+	1+
2	60x10	-	2.0	-	-	-	0.3	0.5	1.5	-	-
4	80x8	-	0.1	-	0.3	-	-	0.1	1.9	0.1	-
5	60x6	4.7	1.1	-	-	0.6	-	3.3	2.8	0.6	-
7b	45x8	2.5	-	-	-	0.3	0.5	1.9	6.4	0.8	-
8	60x5	0.3	-	-	-	1.0	0.3	2.3	1.3	0.7	-
8a	30x12	-	-	0.6	-	2.2	-	0.8	6.9	0.3	-
8b	45x10	-	-	-	-	5.3	-	2.4	3.3	-	-
9	50x12	-	-	-	-	3.8	-	0.2	2.3	-	0.2
10a	28x10	0.4	-	-	-	14.6	-	1.8	2.1	-	-
10b	60x10	0.2	0.3	0.2	-	0.3	0.2	1.5	4.3	0.3	-
11	50x8	0.2	2.0	1.7	-	7.3	-	-	2.2	-	-
12	60x6	0.6	0.6	0.3	-	6.9	-	0.3	3.9	-	0.3
13	50x12	0.2	0.2	-	-	2.3	-	-	0.5	0.2	-
14	40x20	-	-	-	-	2.2	-	0.2	0.1	-	-

Aðeins varð vart 4+ laxaseiða í rafveiðunum, en þau voru flest í göngubúningi nema seiðin í Bakká (staður 2), en vöxtur seiða, einkum laxaseiða, er mun hægari þar en í Fnjóská.

Útbreiðsla og þéttleiki 2+ seiða er mjög takmarkaður og í góðu samræmi við niðurstöður rafveiða sumarið 1996. Ljóst er að útbreiðsla þessa árgangs takmarkast að mestu leyti við svæði neðarlega í ánni. Þau fundust í mestu magni á veiðistað 11, þ.e. við vatnshæðarmælinn. Þess árgangur klaktist úr sumarið 1995, en það ár voraði seint. Seiðin hafa klakist seint út og ekki náð nauðsynlegum þroska fyrir fyrsta veturinn í ánni nema þar sem hitafar árinna var hagstæðast. Þegar seiði ná ekki nægum þroska fyrir fyrsta vetur verða afföll mikil og geta jafnvel orðið 100 %.

Ársgömul seiði, úr klaki sumarið 1996, sýna nokkuð óvenjulega útbreiðslu. Það fannst rétt vottur af þessum árgangi á veiðistöðunum frá Hjarðarholti og niður að Skarði, en þau fundust í mun meira magni framan til í ánni, við Steinkirkju og á stað 7b, fyrir neðan nýju brúna í Vaglaskógi (Tafla 2, Mynd 2). Þetta bendir mjög eindregið til þess að hrygningarstofn hafi verið mjög lítill og ónógur neðan til í ánni haustið 1995. Það sumar veiddust einungis um 60 laxar í Fnjóská, sem er lakasta veiði í ánni á tímabilinu 1974-1997. Yfirleitt er veiðialagið í öfugu hlutfalli við stærð göngunnar. Því minni sem laxgengdin er, því hærri hlutfall er líklegt að veiðist og svo virðist sem hægt sé að ofveiða stofninn í slíkum árum, einkum í neðri hluta árinna þar sem veiðimenn gjörþekkja legustaði fullorðinna laxa.

Ársgömum seiði úr sleppingum fundust framan til í ánni, þar sem sleppt var sumarið 1996. Neðar fundust eldisseiði úr sama árgangi, en þau áttu uppruna sinn í tjarnareldinu og voru öll í göngubúningi og á leið til sjávar (Tafla 2, Mynd 2). Tjarnareldisseiðin voru auðþekkt því þau voru öll örmerkt. Ekki var annað að sjá en að þau væru vel á sig komin. Á veiðistað 4, við Illugastaði, veiddust tvö seiði úr sleppingu 1995 og var stærra seiðið að verða sjóþroska.


Bleikjuseiði veiddust um alla á og virðist útbreiðsla, aldurssamsetning, þéttleiki og vöxtur breytast lítið á milli ára. Sjaldgjæft er að urriðaseiði sjáist í rafveiðunum.

Ályktanir


Greinilegt er að klakárgangurinn frá 1994 er mjög öflugur. Hann mun leggja töluvert til gönguseiðaframleiðslunnar sumarið 1998, en stór hluti þessa árgangs nær þó væntanlega ekki sjóþroska fyrr en sumarið 1999. Því má búast við mikilli aukningu í laxgengd í kringum aldamótin. Vegna þess hve faliðaðir laxaseiðaárgangarnir hafa verið eftir 1994 (þ.e. seiði yngri en 3+ sumarið 1997) og útbeiðsla þeirra takmörkuð, mun gönguseiðaframleiðsla snarminnka aftur árið 2000, nema vel takist til með seiðasleppingar. Sérstaklega er mikilvægt að reyna að koma í veg fyrir að mikið hrun verði í gönguseiðaframleiðslunni í neðri hluta árinna, sem alla jafnan stendur undir mestri gönguseiðaframleiðslu. Því var reynt að sleppa seiðum á þann kafla sumarið 1997, einkum á svæði þar sem lítið bar á 1+ og 2+ seiðum, og sleppt um 9000 seiðum við austurbakka árinna, frá Veisuseli og fram fyrir Þjóðvegsbrú. Auk þess var sleppt um 6000 seiðum að vestanverðu á um 4 km kafla, frá Brúnagerði (fyrir sunnan Steinkirkju) og fram fyrir Illugastaði, þ.e. fyrir framan þann kafla þar sem laxaseiði úr náttúrklaki finnast í ánni. Seiðin voru mjög misstór, frá 4.5-8.5 cm. Flest (um 50 %) voru 6-7 cm. Það er óvíst með árangur úr slíkum sleppingum þegar seiðin lenda í samkeppni við náttúruleg seiði. Fyrstu vísbendingar um árangur ættu að fást í rafveiðunum sumarið 1998.

Komi í ljós í rafveiðunum 1998 að klakárgangurinn frá 1997 hafi ekki náð fótfestu í neðri hluta árinna tel ég að reyna ætti að sleppa aftur seiðum í neðri hluta árinna, á þau svæði sem ekki var sleppt sumarið 1997, þ.e. við vesturlandið. Þar myndi að líkindum henta að sleppa um 10-12000 seiðum á kaflann frá vatnshæðamælinum og að gömlu bogabrunni í Vaglaskógi. Norðan við vatnshæðamælinn kælir mikið lindarvatn ána töluvert, auk þess sem þar er lítið um fjölæran botngróður við bakka.


Söfnun hreistursýna hefur verið mjög góð í Fnjóská og merkjaleit einnig til fyrirmyndar. Með þessu hefur skapast góður grundvöllur til að meta árangur laxræktunaraðgerða, sem gerir veiðifélaginu jafnframt kleyft að meta hagkvæmni þeirra. Það er von mín að samstarf við veiðimenn verði áfram með sömu ágætum og hingað til. Bleikjuveiði er sífellt að verða eftirsóttari og verðmeiri. Mikið er í húfi að vel sé haldið utan um skráningu veiðinnar og jafnframt að gerðar verði ráðstafanir til að fá áreiðanleg gögn um sókn og veiði í Eyjafirði austanverðum, á því svæði sem líklegt er að bleikja úr Fnjóská taki að mestu út vöxt sinn yfir sumarið.




Mynd 2. Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í rafveiðum í Fnjóská 13-14/7 1997.



Mynd 2, frh. Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í rafveiðum í Fnjóská 13-14/7 1997.



Mynd 3. Lengdar- og aldursdreifing veiddra beikjuseiða í rafveiðum í Fnjóská 13-14/7 1997.



Mynd 3, frh. Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikju-seiða í rafveiðum í Fnjóská 13-14/7 1997.